

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 og Spönginni 13 [facebook](#)

6. DESEMBER 2014 • 45. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Vetur genginn í garð. Eftir snjólausan nóvember hefur snjónum nú kyngt niður í höfuðborginni upphafi jólamánaðarins. Þetta getur skapað vandamál í umferðinni en ekki er annað að sjá en að krakkarnir í Fellaskóla séu ánægðir með snjóinn.

Mikil gróska í útgáfu myndasagna hér á landi þessa dagana:

Pólitík, kynlíf og hversdagsleikinn

Þegar ég hóf myndasöguútgáfu gerði ég mér grein fyrir að ef útgáfan ætti að lifa af þyrfti að koma út titlar sem lesendur þekkja. Ástrík þekkja allir. Sama með Sval og Val. Þess vegna legg ég metnað í að koma þessum titlum aftur á markað. Vissulega er eftirspurn eftir þessum bókum því ég er búinn að hrærast í þessum geira í 20 ár

og veit hvað fólk vill," segir Frakkinn Jean Antoine Posocco, myndasöguteiknari og útgefandi í ítarlegu viðtali við blaðið. Nýjar bækur um Ástrík og Sval og Val hafa til dæmis ekki komið út á íslensku um áratuga skeið.

Jean segir það vera misskilning að myndasögur séu aðeins fyrir börn og vísar til heimalands síns fyrir hálfri öld.

„Elítan þar var búin að setja myndasöguna í kassa merkt „börn“. Þaðan komst hún ekki út fyrir en kynslóð höfundu vildi gera myndasögur fyrir full-orðna. Það breyttist í kringum 1970. Allt í einu spruttu fram sögur sem fjölluðu um pólitík, kynlíf, hversdagsleikann og geimverur svo eitthvað sé nefnt.“

Sjá bls. 6.

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dómur á öllum aldri.

Verð: 3390 kr. og 3190 (barnastærð 3-9 ára)

Sif

Fáanleg í 12 litum



höfuðhandklæði
gsm 660 8860
elfursif@internet.is

Nánar um sölustaði á facebook



Ódýru og persónulegu jólakortin færðu hjá okkur

Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsefni • Jólakort

Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar

Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf • Ársreikningar

FRUM ...góður jólapunktur
Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

Gluggafilmur

Sand & sólarfilma

544
2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is



DORMA

AFMÆLI

5
ÁRA

VERTU VELKOMIN/N
Í AFMÆLISVEISLU

DORMA



Jón Jónsson slær á léttu jólastrengi kl. 14⁰⁰



Jólaökukur og kruður frá Jóa Fel

DORMA
TAXFREE
20,32% afsláttur*
af öllum vörum í búðinni!

AF ÖLLUM VÖRUM UM HELGINA

OPIÐ Í HOLTAGÖRÐUM TIL KLUKKAN 17⁰⁰ LAUG. OG SUN.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað DORMA.

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár:

Leikskólagjöldin lækkuð

Námsgjöld í leikskóla verða lækkuð um 6 prósent, samkvæmt fyrstu fjárhagsáætlun meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata sem samþykkt var í vikunni.

Miklar umræður fóru fram um áætlunina í borgarstjórn í vikunni. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, sagði í umræðunum að Reykjavík væri skuldbætt og lýsti áhyggjum af aðalsjóði borgarinnar. Einnig kom fram gagnrýni á að náms- og fæðisgjöld í leikskóla væri hvor sinn liðurinn. Ekki gengi að ætla að lækka leikskólagjöld, en ná sparnaði á móti með því að skera niður fæðið. Samt var samþykkt tillaga um að auka framlag borgarinnar til hraefniskaupa á leik- og grunnskólum um 56 milljónir króna frá fyrri áætlun sem kynnt var í haust. Sjálfstæðismenn lögðu einnig fram tillögu um að bæta við framlögum vegna skólamatarins.

Einnig voru samþykkt aukin framlög til sérkennslu í leik- og grunnskólum, yfir 80 milljónir króna. Einnig var bætt í framlög vegna frístunda fatlaðra framhaldsskólanemenda, framlög til frístundakortsins aukin. Þá voru einnig veittar heimildir til aðgerða vegna heimilisofbeldis, 45 milljónir

króna, og samþykkt að veita 15 milljónir króna vegna dagskrár borgarinnar í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna hér á landi á næsta ári, svo dæmi séu tekin úr fjárhagsáætluninni.

Eins og getið var um hér í blaðinu fyrir nokkrum vikum voru ýmsar gjaldskrár hækkaðar, til dæmis félagsstarf og matur aldraðra, oft í kringum 3 prósent. Það er sagt vera vegna verðlags. Þetta gagnrýndi Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og flugvallarvina, sérstaklega í umræðunum. Verðbólga væri það lág að hækkan á grundvelli verðlags ætti ekki við. Hún gerði þó engar tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun meirihlutans.

Það gerðu hins vegar Sjálfstæðismenn. Samþykkt var að þeirra frumkvæði að veita 50 milljónir króna til undirbúnings frjálsþróttavallar ÍR. Sjálfstæðismenn lögðu einnig til að greiðslur til dagforeldra yrðu auknar, þannig að foreldrar með börn á leikskólum og hjá dagforeldrum greiddu það sama. Samþykkt var að auka niðurgreiðslur vegna dagforeldra um 3,4 prósent, eða rúmar 17 milljónir króna, svo stiklað sé á stóru.

Ætla að bíða með Húsaskóla

Ekki er gert ráð fyrir endurbótum á lóð Húsaskóla í Grafarvogi fyrr en á árunum 2017-19. Þetta kemur fram í bréfi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, til Foreldrafélags Húsaskóla. Stefnit sé að því að framkvæmdir verði á árunum 2018 og 19.

Eins og fram hefur komið hér í blaðinu hafa bæði foreldrar og skólastjórnendur kallað eftir endurbótum á lóð skólans, en hún er í niðurniðslu og á köflum hættuleg að sögn foreldra. Skólastjóri hefur bent á að skólinn sé tveggja áratuga gamall og að brýnt sé að hefja endurnýjun.

Í bréfinu segir að unnið sé eftir forgangslista sem sé unninn út frá óháðum úttektum á skólalóðum í borginni. Á undan Húsaskóla í forgangsroð séu: Árbæjarskóli, Ölduselskóli, Breiðdagerðisskóli, Breiðholtsskóli og Fossvogsskóli.

Þarna segir einnig að einnig sé unnið að áætlun um minni verkefni á skólalóðum sem sinna megi óháð áætlunum um endurgerð lóðanna. „Stefnt er að því að skólalóðir eins og Húsaskóla, þar sem löng bið er eftir endurbótum, muni verða úthlutað slíkum verkefnum,“ segir í bréfinu.

Á móti byssum

Álitsgjafar Reykjavíkur vikublaðs leggja almennt gegn því að almennir lögreglumenn beri vopn. Ætla má af yfirlýsingum Jóns Bjartmarz hjá embætti ríkislögreglustjórans að það sé

einmitt markmiðið. Álitsgjafar blaðsins telja margir að það sé samfélagslegt mál en ekki lögreglu einnar að taka ákvörðun um vopnaburð.

Sjá Hringborðið bls. 8.

Verkakonur með 73% af launum karla:

Konur ósáttar við launin

Almennir félagsmenn í Eflingu eru mjög ósáttir við laun og telja úrbóta þörf ef marka má nýja könnun Gallup fyrir verkalýðsfélag Flóabandalagsins. Mikill munur er á launum karla og kvenna og konur eru óánægðari með laun en karlar. Félagsmenn kvarta undan vaxandi álagi og lengri vinnutíma. Fimmtungur félagsmanna í Eflingu, Hlíflingum og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis eru í fleiri en einu starfi. Greint er frá könnuninni á heimasíðu Eflingar.

Íbúðarverð

Konur eru með 73% af launum karla í heildarlaun á mánuði að meðaltali, samkvæmt könnuninni. Karlar hafa að meðaltali um 114 þúsund krónum hærri heildarlaun en konur fyrir fullt starf. Heildarlaun karla í fullu starfi eru að meðaltali 425.000 kr. á mánuði og 311.000 kr. hjá konum. Það leggur sig í hátt í eina komma fjórar milljónir króna á ári og má ætla að munurinn nemi vænu íbúðarverði á góðum stað á starfsævinni.

Tveggja mánaða munur

Í könnun verkalýðsfélaganna var spurt hvað þættu sanngjörn laun, töldu flestir að þau þyrftu að vera tugum þúsunda hærri en þau eru nú. Karlar vildu að jafnaði bæta 94 þúsundum við mánaðarlaunin en konur 86 þúsundum. Annars segir einnig í könnuninni að munur á dagvinnulaunum karla og kvenna er öllu minni en á heildarlaunum eða 45.000 krónum á mánuði. Karlar eru að meðaltali með 305.000 kr. á mánuði í dagvinnulaun á meðan



Félagsmenn í Eflingu, Hlíflingum og VSFK eru ósáttir. Laun kvenna eru miklu lægri en karla.

konur eru að meðaltali með 260.000 kr. í dagvinnulaun fyrir fullt starf. Árlegur munur nemur því meira en tveggja mánaða dagvinnulaunum konunnar.

Ræstingar minnst

Af einstaka starfsstéttum eru starfsmenn sem vinna við ræstingar með lægstu dagvinnulaunin eða 237.000 kr. á mánuði að meðaltali og eru um 73% ræstingafólks með minna en 250.000 krónum á mánuði að meðaltali í dagvinnulaun. Þá eru leiðbeinendur á leikskóla með lægstu heildarlaunin að meðaltali á mánuði eða 261.000 kr., segir á vef Eflingar.

Vinnutíminn lengist

Heildarvinnutími félagsmanna Eflingar, Hlíflingum og VSFK í fullu starfi hefur aukist milli ára og er nú að meðaltali rétt tæplega 47 klst. Karlar í fullu starfi vinna að meðaltali 50,5 klst. og konur 42,5 klst. Þá segjast 19% vera í fleiri en einu starfi sem er greinileg aukning milli ára en árið 2011 var þetta hlutfall 13%.

Áhyggjuefni

Um einn af hverjum fimm starfar í

Of mikið álag

Fjórir af hverjum fimm sem svörðu könnun Flóabandalagsins telja að hækka eigi laun. Einnig vill fólk stytta vinnutímann. Þegar spurt er um stjórnvöld leggja flestir áherslu á hækkan skattleysismarka, en einnig að laun kynjanna verði jöfnuð, gjöld í heilbrigðiskerfinu lækkuð, húsnæðismál og verðstöðugleika. Í könnuninni var einnig spurt um álag, en mun fleiri en áður, 60 prósent félagsmanna Eflingar, Hlíflingum og VSFK telja vinnuálag of mikið.

hlutastarfi, segir í könnuninni. „Þegar verið er að bera saman heildarlaun milli hópa í niðurstöðunum eru launin reiknuð upp miðað við 100% starf og er því mikilvægt að halda því til haga að þegar verið er að bera saman meðaltal heildarlauna umönnunarstarfa við aðra hópa er einungis um helmingur þeirra sem starfa við umönnun í raun að fá greidd laun sem samsvara fullu starfshlutfalli. Þá er í þessum stóra hlutavinnuhópi í umönnun um 72% í minna en 75% starfi. Það hlýtur að teljast áhyggjuefni að vaktavinnufyrirkomulag þessa fjölmanna kvannahóps skuli vera með þeim hætti að ekki fái launagreiðslur sem samsvari fullu starfshlutfalli.“

Könnunin var síma og netkönnun með íslenskum, pólskum og enskumælandi spyrjum. Endanlegt úrtak var 2535 segir á vef Eflingar en svarhlutfall í könnuninni var ríflega 44 prósent.



Opnað í dag

Nýtt útibú Borgarbókasafnsins, hverfissafn Grafarvogsbúa, verður opnað í Spönginni í dag kl. 14. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri opnar safnið formlega. Safnið var áður til húsa í kjallara Grafarvogskirkju. Á nýja staðnum er rúm aðstaða fyrir börn og unglunga og alla aðra sem

vilja setjast niður í ró og næði til að glugga í bækur og tímarit, eða sinna öðru grúski. Fram kemur í fréttatilkynningu að á nýju ári verði fjölbreytt menningarstarfsemi í bókasafninu, fyrir alla aldurshópa, þar á meðal les- hringir, þrjónakaffi, fönðursmiðjur, fræðsluerindi og fleira.

Bíltúr með sendiherra

Árið 1974 skömmu eftir Alþingiskosningar setjast tveir íslenskir blaðamenn upp í bíl með Frederick Irving, sendiherra Bandaríkjanna, aka til Keflavíkur, og deila í ferðinni með honum upplýsingum úr einkasamtölum sem þeim hefur verið verið treyst fyrir í krafti starfs þeirra sem blaðamenn, segir meðal annars í umfjöllun Atla Þórs Fanndal um nýja bók Styrms Gunnarssonar Í köldu stríði. Í umfjölluninni er vitnað til ýmissa bóka og skjals úr þjóðskjalasafni Bandaríkjanna sem nýlega kom fyrir almenningssjónir. Sjá bls. 10-11.



Ýmis verk fylgja snjókomunni. Blaðamaður rakst á þessa konu sem hafði skafið af bílnum ásamt manni sínum. Rétt þurfti að skafa betur af framrúðunni, en ekki er annað að sjá en að ágætlega hafi tekist til.

.IS

skráðu þitt .is lén
www.isnic.is

Fylgstu með á facebook-Lindex Iceland



#LoveIt
Bjóstahaldari,
3595

L I N D E X

LEIÐARI



Fjárhagsáætlanir

Það er best fyrir stjórnmalamenn að reyna ekki að fegra stöðuna. Það kemur venjulega í bakið á þeim hvort er, að ekki sé talað um almenning.

Þetta er raunar áhugaverð þæling í ljósi þess að um þessar mundir hafa tvær stórar fjárhagsáætlanir verið í fréttum: Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og svo fjárlög næsta árs.

Nokkur munur er á þessum áætlunum. Borgin er skuldsett, en ekki er annað að sjá en að pólitískir stjórnendur borgarinnar viðurkenni það, reyni að bæta í þar sem mögulega finnst svigrúm, og forgangsraða þangað sem þörfin er mikil.

Allt önnur mynd blasir við í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og tilögum meirihlutans við það. Stjórnarliðar hrópa hver um annan þveran um góða stöðu ríkissjóðs og smjör á hverju strái en samt er niðurskurður um allt, engu er bætt við, eða viðbótin er miklu minni en þörfin.

Ef ríkissjóður er kominn í plús og allt er í góðu gengi og allt ríkisstjórninni að þakka, hvers vegna fær almenningur þá ekki að njóta góðs af þeirri stöðu? Getur ef til vill verið að staða ríkissjóðs kannski ekki alveg eins góð og af er látið? Rætt hefur verið um óreglulegar tekjur og bókhaldsfærslur. Er það ástæðan fyrir því að stjórnarmeirihlutinn vill ekki bæta það sem skorið hefur verið niður og lækka notendagjöld í velferðarþjónustunni, svo aðeins sé nefnt tvennt.

Staðan bæði hjá ríkinu og Reykjavíkurborg hefur farið jafnt og þétt batnandi undanfarin ár, eftir áfallið í hruninu. En það gerðist ekki án fórna; hvorki hjá ríkinu né Reykjavíkurborg og mestar fórnir hefur almenningur fært. Til þess að ná jafnvægi og jafnvel plús hefur fólk þurft að setta sig við niðurskurð og samdrátt, auknið álag, atvinnuleysi og óöryggi. En þegar ríkið á að vera komið í plús, og það tugmilljarða plús segja stjórnarliðar, þá skal enn hækka skatta og gjöld, en samt skera niður. Það er umhugsunarvert.

Ingimar Karl Helgason

Ummæli með erindi:

„Það sem við stöndum frammi fyrir núna er að íbúar sumra landshluta borga sama verð fyrir minni þjónustu og við ættum að láta okkur það að kenningu verða áður en við förum út í annan einkarekstur á grunnþjónustu landsmanna.“

- Arna Lára Jónsdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar, á Alþingi í mars 2010.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Altari græðginnar

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sagði í umræðum um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar að traust efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar hefði bætt stöðu fólks. Hins vegar ætti að fórna árangrinum á „græðgisaltari nýs meirihluta“ í Reykjavík. Sveinbjörg nefndi ekki hækkun matarskattsins, nýjan útsýnisskatt, hækkun gjalda í velferðarþjónustu, eða fleiri mál sem framsóknarmenn á þingi hyggjast samþykkja. Enn þagði hún yfir hugmyndum um styttingu bótagjalds á atvinnuleysisbóta sem þó bitnar ekki aðeins á fólki



í vondri stöðu heldur einnig harkalega á rekstri Reykjavíkurborgar. Hún ætti þó að kannast við málin, enda varaþingmaður flokksins í Reykjavík.

Útsýnisskattur

Sjálfstæðismenn auglýstu fyrir síðustu kosningar til Alþingis að aðeins einn flokkur myndi lækka skatta. Nú á að hækka matarskatt og bótaskatt. Og sjálfsagt kemur það orðið fáum á óvart að þeir búi til nýja skatta þegar ekki finnst fleira til að hækka. Að þessu sinni stendur til að skattleggja útsýnið og verður sérstakur nefnskattur lagður á. Líklega verða plaköt síðustu kosninga ekki endurpentuð.

Útsýnislögga

Það þekktist og þekktist í vöndum einræðisríkjum að fulltrúar yfirvalda stöðva fólk á götum úti og krefja um skilríki. Þetta þykir ekki til eftirbreytni. Miðað við lýsingar á útsýnisskattinum, virðist hins vegar blasa við að íslenskur almenningur þarf að

vera undir það búinn að óeinkennisklæddir agentar hægristjórnarinnar krefji fólk um skilríki við öll möguleg eða ómöguleg tækifæri, hvort sem er í baði í Landmannalaugum, í berjamó í Heiðmörk eða brúðkaupi á Þingvöllum.



Hljóðbókaskattur

Annars hefur ekki komið fram hvort blindir og sjónskertir eigi að greiða útsýnisskattinn. Kannski mun sá skattur ganga upp í úttektir á hljóðbókasafninu, en þar hafa gjöld verið lögð á að kröfu stjórnvalda.

Erlent kjöt

Elsa Lára Arnardóttir, þingkona Framsóknarflokksins, mun hafa smyglað hráu kjöti til landsins, ef marka má frásögn Nútímans. Þessi innflutningur er algjörlega á skjön við stefnu Framsóknarflokksins og harðar yfirlýsingar formannsins og forsætisráðherra, sem telur erlent kjöt ógna íslenskum vitsmunum. Þetta sýnir hins vegar líka að Elsa Lára er ósköp venjuleg manneskja eins og flestir þingmenn, líka margir úr stjórnarmeirihlutunum. Þeir mættu líka haga sér stundum og tala eins og venjulegar manneskjur en ekki láta rugludalla ráða för.



Í FRÉTTUM

Rúst ohf.

Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ætla enn að skera niður hjá Ríkisútvarpinu. Ekki virðist það vera af nauðsyn heldur undarlegri hugsjón. Á sama tíma og ríkissjóður er sagður rekinn með afgangi og tugir milljarða eru gefnir sumum, á enn að skera niður á Rúv. Þetta undrast fólk, enda Ríkisútvarpið með allra mikilvægustu stofnunum þjóðarinnar hvernig sem á það er litið. Enginn minnst þess að núverandi stjórnarflokkar hafi auglýst yfirvofandi nafnbreytingu Rúv ohf. fyrir kosningar. Hvað ætli framsóknarmenn hafi sagt við kjósendur úti á landi?

Vonbrigði

Oslóartréð, jólatré Reykavíkinga, fór illa út úr óveðrinu um síðustu helgi. Í kjölfarið auglýsti borgarstjórnin eftir hugmyndum borgarbúa á Facebook síðu sinni. Þetta mæltist vel fyrir og fjölmargir lögðu til í þúkkið. Þeir sömu urðu svo undrandi þegar borgarstjórnin birtist gallaður og með keðjusög í fréttatímum kvöldsins og hafði þá leyst málið sjálfur með töluvert öðrum hætti en flestir höfðu lagt til á Facebook síðu hans.



Brestir

Stöð 2 hefur sýnt þættina Brestir og þar vakið athygli á grafalvarlegri stöðu í samfélaginu og misskiptingunni. Meðal annars hefur verið um þá staðreynd að tugir manna búa í ólöglegu húsnæði án þess að yfirvöld í borginni skipti sér af. Þar græðir fjárfestir á eynd fólks og sýnir fólk í erfiðri stöðu fulla hörku, án þess að nokkur geri neitt. Hvernig má vera að slík meðferð á samborgurum standist lög? Það stenst að minnsta kosti ekkert síðferði.



Þjóðarsátt um ójöfnuð?

Samtök atvinnulífsins auglýsa og segja enn að ekki megi hækka laun hjá almennu launafólki. Nú er enn talað um þjóðarsáttina og hið opinbera skammað fyrir að bæta kjör opinberra starfsmanna. Þetta hefur oft heyrst áður. Merkilegt að mesta launaskriðið virðist oftar en ekki vera hjá stjórnarmönnum í SA. Þeir ættu kannski að hugsa um eigin fordæmi áður en bremsur eru settar á aðra. Sumir hafa talað um „þjóðarsátt um áframhaldandi og aukinn ójöfnuð“ sem eru vöndar fréttir.

Þvílíkur léttir

Ólöf Nordal yfirverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins var valin innanríkisráðherra á fimmtudag og kom valið á óvart. Margir þingmenn flokksins sóttust eftir embættinu og var spennan mikil ... en tæplega er hægt að segja að almenningur hafi beðið með öndina í hálsinum. Ólöf hætti annars í stjórn máli 2012 og sagði að sú ákvörðun yrði góð fyrir Sjálfstæðisflokkinn til lengri tíma.



Frumvarp um einræði lagt fram á Alþingi

Í síðasta mánuði var lagt fram frumvarp um einræði Innanríkis/forsætisráðherra þegar lýst hefur verið yfir neyðarástandi. Frumvarpið er hér. Tilefnið er sagt Bárðarbunga og það allt. Óbreytt frá fyrri lögum er að Ríkislögreglustjóri ákvarðar hvort á landinu er neyðarástand. Það er, hætta á:

að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum ...

Það segja lögin. Tæknilega nægir þá, til dæmis, alvarleg hætta á að eignir verði fyrir tjóni til að lögreglustjóri geti lýst yfir neyðarástandi. Með nýja frumvarpinu þýðir slík yfirlýsing að ráðherra ræður öllu. Ferðum til og frá landinu, samskiptakerfum, hvaða fyrirtækjum sem hann vill stjórna og svo framvegis.

Ég er ekki að segja að Sigmundur Davíð eða aðra langi í einræðisherratign, eða að sú þróun sé ásetningurinn með frumvarpinu. En er ekki, segjum,



Höfundur er Haukur Már Helgason, rithöfundur

óþarft að opna þann möguleika markvisst með lagabreytingu? Eða, í það minnsta, vissara að deblattera það aðeins? Hvernig færi annar lögreglustjóri og ríkisstjórn með þetta vald við tilefni á við skalkalann sem við gerðum í janúar 2009?

Fólk hefur í gegnum tíðina fengið tilefni til að sjá eftir öðrum eins lagaglugum. Í öðrum löndum, já, en Ísland er líka annað land.

Birtist einnig á www.okeden.com

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ
45. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarbláðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarbláðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Landsprent, 50.000 eintök. Dreifing: Póst: dreifing

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.



Fjórutíu ára afmæli Hólabrekkuskóla var fagnað á dögunum. Gamli og nýir nemendur, foreldrar og starfsfólk komu af því tilefni saman í skólanum og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá og skoðuðu sýningu um skólafarfið fyrr og nú. Meðal annars mátti sjá safn af gömlum tölum úr sögu skólans, sem vöktu athygli, og kannski einhverja furðu, núverandi nemenda.



Jólagjafir

- fyrir heimilin í landinu



Jamie
Oliver
GET INSPIRED

Tefal
EDAL POTTAR & PÖNNUR



TALENT
POTTAR & PÖNNUR



TEFAL POTTAR OG PÖNNUR HAFU VERIÐ Í SÉRSTÖKU UPPÁHALDI HJÁ ÞJÓÐINNI SL. 25 ÁR

Allinox

10, 14, og 19 lítra stálpottar á frábæru verði



NIVONA

Þessi hágæða og vel hannaða kaffivél svarar öllum kröfum kaffigæðinga.



Jólatilboð: 89.900

AEG

AEG hefur aldrei brugðist aðdáendum sínum þegar kemur að kaffivélum. Þessa klassísku kaffivél bjóðum við nú á tilboðsverði.



Jólatilboð: 3.900

Smoothie Twister

Blandarinn sem þú tekur með þér

Alveg einstakur blandari. Blandar beint í glasið - sparar þrif.

Jólatilboð: 5.990

OBH NORDICA



bodum

Nytjalist í hæsta gæðaflokki.

Vinsæl gjafavara sem hittir alltaf í mark.

Sjón er sögu ríkari.



AEG

Ryksugurnar frá AEG hafa þjónað Íslendingum í áratugi.

Góð jólagjöf til heimilisins

20% afsláttur



SAFAPRESSAN SÍVINSÆLA

Solis
OF SWITZERLAND

Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressunni frá Solis



ROMMELSBACHER

Öflugt og vandað mínútugrill



Jólatilboð: 16.990

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 / LAUGARDAGA KL. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is



MENNINGIN

Myndasögur fyrir alla aldurshópa

Hildur
Björgvinsdóttir




„Á árunum 1985 til 1989 sótti ég nám í myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þar opnuðust augu mín fyrir grunvallaratriðum í myndlistinni. Það er að segja myndbyggingu, fjölbreytileika í myndlistinni og sjálfstraust sem fylgir því að vera listamaður og standa með þeim verkum sem maður skapar sjálfur. Ég valdi að fara í auglýsingadeild eins og það hét þá vegna þess að þar fannst mér ég eiga meiri möguleika á að vinna við það sem mér finnst skemmtilegast. Þ.e.a.s. teiknun og myndskreytingar,“ segir Jean Antoine Posocco, myndasögu-teiknari og útgefandi.

Í auglýsingadeildinni, sem í dag heitir grafísk hönnun, lærði Jean meðal annars ýmislegt er snýr að bókaútgáfu. Þegar hann lauk námi var hann þegar kominn í sjálfstæðan atvinnurekstur auk þess að vinna á auglýsingastofu, meðal annars við að myndskreyta barnabækur. „Ég var sí teiknandi alla daga ársins og fékk greitt fyrir það. Ég vissi að myndasögu-gerð á Íslandi væri ekki viðurkennd og lítið upp úr því að hafa fjárhagslega. Þannig er það með listamenn að þegar sköpunarviljinn býr í þeim er ekkert sem stoppar þá. Ég teiknaði myndasögur heima, fyrir mig. Enginn í kringum mig hafði áhuga á þessu dúllri hjá mér en ég fékk útrás við að teikna þessar sögur.“

Allskonar sögur skemmtilegastar

„Mér fannst mest spennandi að teikna



Íslenskar þjóðsögur. Þessar sögur eru ekki þannig skrifaðar að auðvelt sé að búa til myndasögur eftir þeim. Þannig að þær sögur sem ég teiknaði þurftu handritslyftingu. Sú skemmtilegasta kom út 2006 og heitir „Skessan á steinnökkanum“. Hún var máturela löng. Ég þurfti að endurskrifa hana og búa til samtöl án þess að breyta öllu. Þetta er svart/hvít myndasaga, en hún birtist fyrst í hasarblaðinu Blek.“

Árið 2008 kom út myndasögubók Jean með ljóðatexta eftir Svein Sveinsson. „Mér fannst það frábær áskorun að fást við að myndskreyta ljóð í myndasöguformi. Útkoman var framfar vonum og í allt öðruvísi stíl en ég er vanur að teikna myndasögur. Eftir allt saman finnst mér skemmtilegt að fást við allskonar sögur.“

Skortur á útgáfu

Það var árið 1995 sem Jean kenndi fyrsta myndasögunámskeiðið á Íslandi. Skráning var góð og segist hann hafa fundið fyrir því að það hafi vantað stuðning við ungmenni til að tjá sig með þessu listformi. Síðan þá hefur fjöldi námskeiða verið haldin. Vandinn sé hinsvegar sá að eftir slík námskeið sé ekkert sem tekur við hjá tilvonandi myndasögu-teiknunarum. Lítil áhugi er hjá útgefendum að gefa út myndasögur eftir Íslendinga og enda því margir á að fara í frekara nám og reyna fyrir sér

annarsstaðar. Hann segir að ólíkt því sem þekkest út í hinum stóra heimi séu hér ekki gefin reglulega út myndasögublöð. Mikil vinna liggir í teikningu myndasagna og gagnlegt væri fyrir teiknara að fá sögur sínar birtar í pörtum í blaði sem kæmi út reglulega. „Eina myndasögubláðið sem kemur reglulega út á Íslandi er NeOBlek en í því er að finna mest af þýddum frönskum sögum. Það er vegna þess að það er mjög erfitt að fá menn til að teikna heila 30 blaðsíðna sögu sem væri hægt að birta í bótum á þriggja mánaða fresti. Á heildina lítið þá erum við langt á eftir mörgum þjóðum hvað varðar myndasögu-gerð en það eru margir einstaklingar sem tjá sig í gegnum myndasögu-gerðina og það er frábært.“

En eru myndasögur eingöngu fyrir börn?

„Alls ekki. Það er mikill misskilningur hjá Íslendingum að halda því fram. Sem er svolítið þversagnarkennt fyrir þjóð sem telur sig vera bókmenntaþjóð. En í landinu mínu Frakklandi, var staðan alveg eins fyrir um 50 árum síðan. Elítan þar var búin að setja myndasöguna í kassa merkt „börn“. Þaðan komst hún ekki út fyrr en kynslóð höfunda vildi gera myndasögur fyrir fullorðna. Það breyttist í kringum 1970. Allt í einu spruttu fram sögur sem fjölluðu um pólitík, kynlíf, hversdagsleikann og geimverur svo eitthvað sé nefnt.“

Jean segir að í kjölfarið hafi myndasöguhöfundar orðið meira áberandi í fjölmiðlum, sýningar hafi verið settar upp, gagnrýnin hafi orðið uppbyggileg og margir sérfróðir menn hafi farið að ræða um myndasögur. Þetta sjái hann vera að gerast núna á Íslandi, þökk sé kynslóð sem ólst upp við myndasögur.



Jean segir að myndasögur séu fullorðinsbókmenntir. Það sé þversagnarkennt ef bókmenntaþjóð telur þær vera eingöngu fyrir börn.

„Ég heyri oft menn segja að fólk sem les myndasögur séu óþroskaðir fullorðnir menn. Ég vil frekar líta á þessa einstaklinga sem fólk sem hefur ekki týnt barninu í sér. Auðvitað eru sumar myndasögur ætlaðar börnum en hverjir myndu fullyrða að Ástríkur væri myndasaga ætluð eingöngu börnum? Öruglega einstaklingur sem hefur ekkert gaman af að lesa myndasögur. Það er alit margra að um leið og myndskreyting fyllir auð svæði í bók sé það merki um barnskap. En myndasaga getur verið lærdómsrík, skemmtileg og krefjandi.“



Persónusköpun mikilvæg

Hvernig er að þýða myndasögur, er það kúnt? „Þótt skritið sé er svarið já. Til dæmis með Ástrík eða Sval og Val er ekki nóg að þýða úr frönskunni og halda að það sé komið. Maður þarf að setja sig í spor rithöfundarins. Hann hefur skapað persónur sem allar eru mismunandi og upplifa tilfinningar á mismunandi átt. Þess vegna þarf oft á tíðum fleiri þýðendur. Og stundum er mjög gott að fá menn sem eru ekki löggildir þýðendur en eru frábærir myndasögu-lesendur í þessa vinnu. Þeir setja sig strax í spor persónanna og hafa á tilfinningunni hvernig þær hugsa og tala. Ástríkur er fyndinn en ekki eins og Svalur. Viggó

Viðutan talar ákveðið mál sem væri asnalegt í munni Svalls.“

Ástríkur aftur á íslensku

Nýlega hóf Jean útgáfu á nýrri seríu af félögum Ástríki og Steinríki en liðin voru 30 ár frá því að síðast komu bækur út flokknum á íslensku. „Þegar ég hóf myndasöguútgáfu gerði ég mér grein fyrir að ef útgáfan ætti að lifa af þyrfti að koma út titlar sem lesendur þekkjá. Ástrík þekkjá allir. Sama með Sval og Val. Þess vegna legg ég metnað í að koma þessum titlum aftur á markað. Vissulega er eftirspurn eftir þessum bókum því ég er búinn að hræst í þessum geira í 20 ár og veit hvað fólk vill.“ Auk Ástríks og Svalls og Vals gefur hann út Lóu og Tímaflakkarabækurnar sem hvort tveggja eru nýir titlar á Íslandi. „En útgáfan er líka hugsuð sem stuðningur út á við í þjóðfélaginu fyrir myndasögu-teiknara og áhugamenn um myndasögur. Á meðan myndasögubækur á íslensku eru ekki sjáanlegar, er erfitt fyrir íslenska myndasögu-teiknara að segja að það sem þeir gera sé merkilegt. „Lífsþorsti“ eftir Kristján Jón sem kemur út í ár hjá okkur er dæmi um þá viðleitni. Það má líta svo á að Froskur útgáfa leggi sitt af mörkum til viðurkenningar myndasögunnar á Íslandi.“



Jean segir það ástríðu hjá sér að kynna þjóðinni fyrir evrópski myndasögu-gerð í gegnum kunnar persónur á borð við Ástrík og Sval og Val en einnig í gegnum titla sem fáir þekkjá á Íslandi. Hann segir 95% myndasögotitla í verslunum vera frá Bandaríkjunum og þýddar sögur á ensku frá Japan.



Þegar líða fer að jólum

- hátíðarmatur, úrval af villibráð

Hreindýrakjöt, villigæsabringur, lifrarkæfufni, hamborgarhryggir, franskir Labeyrie andabringur, kalkúnar, kalkúnabringur, sænsk jólaskinka, foie gras, paté, villigæsa- og andaconfit, KEA, SS og Hólsfjallahangikjöt, tvíreykt sauðahangikjöt, aliendur, aligæsir, dúfur, krónhjartarkjöt, zebra kjöt, kengúra, dádýr, stökkandabringur, fasanar, íslenskar nautalundir, carpaccio, hérafile, ofl. ofl.

Látið fagmenn okkar aðstoða við valið á hátíðamatnum.

Pantið tímanlega!

Melabúðin

Sími 551-0224





Tanni

VANDAÐAR
VÖRUR Á
RUGL VERÐI

RÝMINGARSALA

Tanni hefur verið seldur til Margt smátt, þ.e. helsti rekstur.
Við hreinsum til á lagernum. Þetta og margt, margt fleira.

Komið og gerið frábær **jóla**innkaup!




Bolir

Verð frá: **500,-**




Háskólapeysur

Verð frá: **1.500,-**




Hettupeysur

Verð frá: **1.900,-**




Jakkar

Verð frá: **4.900,-**




Húfur

Verð frá: **500,-**



Handklæði með ísaumaðri mynd

Verð frá: **1.500,-**



Töskur

Verð frá: **500,-**



Gjafavara

Verð frá: **300,-**



Höfðabakki 9

Opið: Virka daga frá kl. 9:00 - 18:00
Laugard. frá kl. 11:00 - 17:00
Sunnud. frá kl. 13:00 - 17:00

Tanni



HRINGBORDIÐ



Mun vopnuð lögregla bæta samfélagið?

Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, upplýsti nýlega í viðtali við Ríkisútvarpið að markmið embættisins sé að vopna almenna lögreglumenn. „Við gerum okkur grein fyrir því að við fáum ekki alltaf allt strax og eitthvað þarf að horfa á sem langtíma markmið. Í fyrri greinargerðum okkar höfum við metið það þannig að við þyrftum að geta vopnað allt að 260 lögreglumenn. En það er langtíma markmið,“ sagði hann í viðtali við Spegilinn, og vísaði enn fremur í hugsanlega hryðjuverkaógn, meðal annars vegna ISIS. Nú er starfandi sérsveit hjá lögreglu sem ber vopn, en hinir almennu lögreglumenn hafa ekki slík valdbeitingartæki. Á lögreglan ein að taka ákvarðanir af þessu tagi og telur þú að samfélagið verði öryggara ef hinn almenni lögreglu maður mun bera vopn?



Lilja Dögg Gunnarsdóttir, grunnskólakennari

Samfélagsleg gildi

Það hefur ákveðið gildi í samfélaginu að hinn almenni lögreglu maður sé vopnlaus á götum úti. Við teljum okkur okkur friðsama þjóð og það hefur ríkt sátt um það í gegnum tíðina. Í því ljósi ætti lögreglan ekki ein að taka ákvörðun þetta. Starfsöryggi lögreglumanna mikilvægt og sjálfsagt rís þessi tillaga upp til að tryggja það enn frekar. En umræðan þarf að fara fram á stærri velli og ákvörðunartaka má ekki byggja eingöngu á þessum lið. Það hljóta að vera til fleiri lausnir. Ég tel vopnaburð ekki vera til að draga úr hörku glæpamanna, þvert á móti, og ímynda mér afbrotamenn vopnbúist frekar ef þessu yrði. Öryggi samfélagsins yrði þá kannski þegar fram í sækir háð vopnum og það kann ekki góðru lukku að stýra. Sérsveitin hefur viðbúnað og starfar á landsvísi, hún hefur leyfi til að gripa til vopna fyrirvararlaust, það þykir mér duga.



Kristinn Örn Jóhannesson, fv. form. VR

Samfélagsbreyting

Fyrst þarf að spyrja hverja lögreglan telur sig vera að þjóna og vernda, hvert er hlutverk hennar og hvernig á sambandi lögreglunnar við almennings að vera háttátt? Ég tel að flestir hafi, hingað til, lítið á lögregluna sem þjóna almennings og verndara og í raun hluta af almenningi. Hluti

af þeirri ásýnd er að sú að lögreglan hefur sjaldan gegnt valdbeitingarhlutverki og sjaldan búin til slíkra átaka Ef lögreglan vopnast frekar er viðbúið að almenningur upplifi lögregluna sem þjóna valdhafanna en ekki sem þjóna almennings og þá erum við í rauninni komin með annars konarsamfélag, með öðru valdajafnvægi en það sem við þekkjum í dag. Ákvörðun um slíka meðvitaða samfélagsbreytingu er ekki lögreglunnar einnar að taka og ekki stjórnmalamanna heldur. Það er almenningi að ákveða.

Hinsvegar hefur þessi illskiljanlegi áhugi ákveðinna yfirmanna lögreglunnar um frekari vopnavæðingu verið augljós um tíma. Undanfarn misseri hefur markvisst verið unnið í því að hræða almenning til að réttlæta frekari vopnaburð. Í því sambandi má á nefna reglugerðarfréttir af „alþjóðavæðingu glæpa“ á Íslandi, mótörhólagengi að leggja undir sig Austfirði og Hafnarfjörð, aukna hörku í undirheimum og nú síðast er það hryðjuverkaógnin mikla. Á sama tíma benda hins vegar tölur til að alvarlegum glæpum og raunar glæpum almennt farið hlutfallslega fækkandi. Því hlýtur maður að spyrja sig hvað mönnum gangi til og af hverju kemur vélbyssumálið upp nú en ekki t.d. í tíð síðustu ríkisstjórnar?

Ísland er eitt fárra landa þar sem lögreglan er almennt ekki vopnuð en hefur stuðning og aðgengi að sérstaklega þjálfuðum vopnuðum sveitum. Svipað fyrirkomulag er t.d. í Bretlandi sem hefur búið við stöðuga hryðjuverkaógn áratugum saman og heldur ekki farið varhluta af alþjóðlegum glæpagengjum og ofbeldisglæpum þar sem m.a. lögregluþjónar hafa látið lífið við skyldustörf. Þrátt fyrir þetta er yfirgnæfandi meirihluti lögregluþjóna og yfirmanna þeirra, eða um 80%, á móti auknum vopnaburði og aðgengi að vopnum þó svo að almenningur skiptist í í tvo hópa nánast jafnstóra hópa í afstöðu sinni. Hverju skyldi það sæta?

Jú, breskir lögreglumenn óttast að glæpamenn vopnist á móti, að þeirra eigin vopn lendi óvart í höndum glæpamannan sjálfrá við lögregluadgerðir og að almenningur hætti að líta á lögregluna sem þjóna almennings, heldur frekar sem fulltrúa valdhafanna. Ennfremur benda þeir á að vopnaburður kalli á auknar fjárfestingar í vopnum og enn frekari útgjöld til þjálfunar enda þarf sérstaka þjálfun og kennslu við beitingu vopna og meðferð þeirra. Það fari illa saman við aukin verkefni og niðurskurð fjárfamlaga til löggæslunnar í heild og því vandséð að öryggi borgaranna, og lögreglumanna sjálfrá, verði bætt með vopnaburði heldur þvert á móti. Er því eitthvað öðru vísi farið hér? Það tel ég ekki.



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður

Kröfugerðarpólitik

Þegar lögregluna vantar eitthvað, hvort heldur það eru auknar fjárveitingar, frekari rannsóknarheimildir eða vélbyssur, þá er gengið hart fram með hræðsluáróður sem í fæstum tilvikum er mikil innstæða fyrir. Síðan eru þeir hlutir sem lögreglan nær fram oft á tíðum notaðir í allt öðrum tilgangi.

Það er mikilvægt að stjórnvöld standi í lappirnar gagnvart slíkri kröfugerðarpólitik. Lögreglan hefur ekkert að gera með fleiri vélbyssur. Íslandi stafar engin ógn af ISIS enda er þúsundfald líklegra að vélbyssurnar verði notaðar á Ísafirði til þess að brjótast inn á heimili manns sem á við andleg veikindi að stríða og hefur í hyggju að svipta sig lífi heldur en í bardaga við ISIS.



Kristín Þórunn Tómasdóttir, sóknarprestur

Friðarþjóð

Ein stærsta blekking í vestrænum samfélögum er að byssur geri okkur öruggari. Við sjáum hvernig þessari afstaða er haldið fram undir formerkjum stjórnarskrábundins réttar um frelsi einstaklingsins í Bandaríkjunum með skelfilegum afleiðingum. Fleiri byssur í umferð þýðir ekki aukni öryggi eða færri glæpi.

Ég held að það væri ekki til góds að almennir lögregluþjónar bæru skotvopn. Allar ákvarðanir um breytingar á þessu fyrirkomulagi hljóta að vera teknar á lögbundinn hátt og undanfari slíkrar ákvarðanatöku þarf að vera samtal í samfélaginu okkar því þetta er ekki einkamál lögreglunnar.

Við Íslendingar viljum vera friðarþjóð og byssuvæðing lögreglunnar styður ekki við það.

Jesús talaði um sitt fólk sem friðflytjendur og hvatti okkur til að vera farvegur friðar. Við þurfum fleiri talsmenn friðar í samfélaginu okkar því við leysum ekki ofbeldisvandann með meira ofbeldi.



Einar Karl Friðriksson, efnafraeðingur

Purfa aðhald

Lögreglan hefur heimild til að beita fýsisku valdi, vopnum, en slík heimild þarf aðhald. Þess vegna á lögreglan ekki ein og sjálf að ákveða hvaða valdbeitingartæki hún telur þörf á, sér í lagi ekki með leynilegri ákvarðanatöku. Hvaðan kemur þessi tala, 260 vopnaðir lögreglumenn? Er verið að búa til einhvern míní-her? Það að Jón Bjartmarz skuli í alvörunni halda því fram að meint vopnaþörf hafi aukist vegna „ógnarinnar sem stafi af samtökunum Íslamska ríkið“ segir okkur í öllu falli að Jón Bjartmarz á ekki að taka þessa ákvörðun. Auðvitað þarf lögreglan einhver valdbeitingartæki, en almennt verður samfélagið ekki öruggara við það að lögreglan beri vopn. Bretland hefur farið í gegnum þá umræðu margoft og ávallt komist að þeirri niðurstöðu að hin almenna lögregla skuli áfram vera óvopnuð. Í Bretlandi eru tíu sinnum færri miðað við höfðatölu sem falla fyrir byssukúlum lögreglu heldur en í Svíþjóð eða Danmörku. Bretar myndu ekki gera þetta ef þeir teldu öryggi lögreglu fórnáð. Að lokum finnst mér ótækt að reglur um vopnaburð lögreglu séu með öllu leynilegar. Það er ekki nauðsynlegt út frá þjóðaröryggi og heftir eðlilega opna umræðu.



Friða Garðarsdóttir, framhaldsskólakennari

Vekur ekki öryggiskennd

Fljótlegasta svarið er einfaldlega nei.

Upp í kollinn á mér sprettur mynd af lögreglumanninum sem varð hræddur við mótmælendur í Búsáhaldaþyltingunni og náðist á myndband við að beita tágasi af slíkri hörku að það vekur enn hjá mér hrylling.

Mig langar ekki að sjá fyrir mér slíkar aðstæður, þar sem gasinu er skipt út fyrir byssu. Hríðskotabyssu!

Auðvitað er það ekki einkamál lögreglunnar hvort og þá hvaða starfsmenn hennar beri skotvopn. Um þá þörf verður að fara fram opin og upplýst

Reykjavík – vikublað hefur fengið stóran hóp valinkunnra kvenna og karla til að spá í málefni líðandi stundar með lesendum. Þátttakendur í Hringborðinu eru eingöngu fulltrúar eigin samfélaga en ekki hagsmunaaðila, fyrirtækja, stjórnmálaflokka, íþróttafélaga eða annarra samtaka og stofnana.

umræða. Og ef satt skal segja er ég mun hræddari við ríkislögreglustjóra sem elur á ótta við hryðjuverkaógn og telur best barist gegn henni með markmiðum um byssur í hundradatali á götum landsins, en við þann viðbjóð sem ISIS er. Raunar virðist mér þessi fjarstæðukennda vísun í íslamska ríkið fyrst og fremst byggja á fáfræði og geta ýtt undir fordóma. Það vekur ekki öryggiskennd.

Jón vísar hinsvegar einnig til frumkvæðisskyldu lögreglunnar og telur hana ekki geta sinnt öryggishlutverki sínu sem skildi, standi lögreglumenn frammi fyrir vopnuðum einstaklingi. Getum við þá ekki frekar hafði umræðu um þörfina á skotvopnavæðingu þar? Hversu líklegar eru aðstæðurnar? Hvernig kemur sérsveit inn í þá mynd? Og aftur, hriðskotabyssur?!



Elfur Logadóttir, lögfræðingur

Fórnum ekki lýðræðinu

Það er ekki lögreglunnar að móta vígbúnaðarstefnu Íslands. Slík ákvörðun er pólitísk og hún verður ekki tekin án ítarlegs samtals á milli þings og þjóðar. Í þeim efnum tel ég fordæmið að finna mjög nærri okkur. Tveimur dögum eftir hryðjuverkaárásina í Osló og Útey sumarið 2011, stóð norsk forsætisráðherrann fyrir framan þjóð sína og flutti henni skilaboð; stappaði í hana stálinu. Skilaboð hans til þjóðarinnar voru skýr: „Við erum enn slegin yfir því sem gerðist, en við fórnun aldrei gildum okkar. Okkar svar er aukni lýðræði, aukin heilindi og aukin mennska.“

Við lítum til nágranna okkar um margt og hér eigum við svo sannarlega að fylgja fordæmi Stoltenbergs. Láttum ekki mis-raunverulegar ógnir svipta okkur frelsinu, mætum ógnunum með orðum, aukum þekkingu þjóðarinnar og minnkum þannig líkunar á ofstæki. Þannig búum við börnunum okkar mun betra líf en með lögreglumenn gráa fyrir járnnum.

STÖRF Í ÞÍNA ÞÁGU



BSRB

VERJUM
VELFERÐINA

Öflug almannþjónusta stuðlar að jafnrétti, öryggi og réttlátara samfélagi. Skerðing opinberrar þjónustu er skerðing á lífsgæðum allra sem í landinu búa. Án vel mannaðrar opinberrar þjónustu myndi gjörbreytt samfélag blasa við.

Það er hagur okkar allra að grunnstoðirnar séu sterkar. Hvetjum stjórnvöld til að efla almannþjónustuna í stað þess að veikja hana. Styðjum við og verum stolt af fólkinu sem þjónar okkur í fjölbreyttum störfum hjá hinu opinbera um allt land.



Brynja
skólaláði

Baldur
lögreglumaður

Jolanta
bréfberi

Ingibjörg
tollvörður

Plútó
fíkniefnahundur

Hermann
frístundaleiðbeinandi

Hrefna
flugöryggisvörður

UMFJÖLLUN

OFSÓKNIR Í FRELSARANS NAFNI

„Eykon það mig um að taka að mér verkefni, sem ég gerði, en ekki fyrr en að lokinni alvarlegri umhugsun,“ skrifaði Styrmir Gunnarsson, þá ritstjóri Morgunblaðsins, árið 1997. Eykon sá er um ræðir er Eyjólfur Konráð Jónsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins. „Því [verkefninu] sinni ég á hans vegum fram eftir Viðreisnarárátugnum. Það starf hafði margvísleg áhrif á pólitíska vígstöðu flokkanna á þessum árum en eins og margt af því, sem gerðist á tímum kalda stríðsins, bíður frásögn af því síðari tíma.“

Í KÖLDU STRÍÐI

Styrmir greinir frá njósnum sínum fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, og að því er hann grunar, erlendra aðila í nýrri bók sinni í köldu stríði - vinátta og barátta á áttatímum. Eigi bókin að vera tilraun Styrmis til að gera upp þátt sinn í kerfisbundnum ofsóknum valdastéttar Sjálfstæðisflokksins gegn andstæðingum þeirra, þá hefur honum ekki tekist það. Við lestur bókarinnar má sjá, eins og áður í skrifum Styrmis, að markmiðið er að skapa aðeins ásýnd uppgjörs en ekki að gera upp og taka ábyrgð á þeim skaða sem gjörðir Styrmis og þröngrar klíku, með aðstoð Morgunblaðsins, ollu þeim sem stimpluð voru óæskileg og hættuleg án þess að eiga þess kost að andmæla dómi klíkunnar.

RÚSTUÐU LÍFUM

Styrmir, Morgunblaðið, Sjálfstæðisflokkurinn, fyrrverandi ráðherrar og ættmenni núverandi valdamanna flokksins rústuðu lífi fjölda fólks. Það er staðreynd, óumdeilanlegt og

vel skrásett. Vissulega hefur Styrmir reglulega kastað brauðmolum eftirsjár til þeirra sem urðu fyrir bardinu á njósnum, ofsóknunum og útskúfunum en eins og áður sagði, er þó ekki um raunverulegt uppgjör að ræða. Hverjum brauðmola skal fylgja frasi um að þeir sem ekki upplifðu þessi ár skilji ekki þankaganginn. Að svona hafi tíðarandinn verið og að jú menn hafi einfaldlega trúað á málstaðinn.

HUGSUNARGLÆPIR

„Þeir sem ekki upplifðu kalda stríðið eins og það var harðast munu aldrei skilja þau viðhorf, sem réðu gerðum manna á þeim árum,“ skrifaði Styrmir um Eykon árið 1997. Árið 2014 skrifar hann: „Nýjar kynslóðar tala af fyrirliðningu um kalda stríðið, með vanþóknun um það sem kallað er „hugsunarhátt kalda stríðsins“ og það fólk sem kalla má kynslóð kalda stríðsins er afgreitt þegar af þeirri ástæðu sem fortíðarfyrirbæri sem heyrir sögunni til.“ Styrmir hefur árum saman endurtekið frasann um að þeir sem ekki lágu hug-

fangnir í faðmi valdastofnana Valhallar geti aldrei skilið hugsunarhátt kalda stríðsins. Vandinn við þessa afsökun er að glæpir kalda stríðsins voru ekki hugsanaglæpir. Að hafa aðhyllt nasisma er ekki stærsti glæpur nasista. Að hafa aðhyllt kommúnisma var aldrei glæpur Stalíns. Það að hafa aðhyllt lýðræði og frelsi í orði, veitir Styrmi enga sakaruppgjöf frá dómi minnar kynslóðar. Njósnið með það að markmiði að tæta af fólki æru þeirra og koma þannig í veg fyrir að það geti aflað sér tekna er „ógeðslegt“. Það eru engar afsakanir fyrir því. Styrmi er auðvitað velkomið að greina frá og gera upp en að vanda gerir hann það ekki. Aðrir, og kannski sérstaklega þeir sem brotið var á, eiga bara að fyrirgefa en ekki krefjast iðrunar.

Allt of fint

Fjarstæðukenndasta yfirlýsing bókarinnar er sá skilningur Styrmis að gjörðir hans séu einfaldlega of finar til að teljast njósnið. Þá segist hann aðeins hafa haft grun um að upplýsingarnar færu beint til erlendra yfirvalda. Hér heldur Styrmir sig eins og áður við hálfannleika. Styrmi er fullkunnugt um þátt Morgunblaðsins, sem hann ritstýrði, í að berja á fólki sem taldist andstæðingar valdaflokksins og eða hafa óæskilegar hugmyndir. Náin tengsl Morgunblaðsins við bandarísk yfirvöld í gegnum opinberar stofnanir, sem flokkurinn hafði löngu gert að sínum, eru Styrmi löngu ljós. Þáttur Morgunblaðsins í að afsaka andlýðræðisleg vinnubrögð, valdniðslu og hreinræktaðar ofsóknir eru löngu opinberar. Í bók sinni líkt og fyrri skrifum sér Styrmir ávallt sérstaka ástæðu til að verja þátt sinn og vina sinna á blaðinu með þessum endurtekna frasa um kalda stríðið og baráttuna sem „allir“ töldu sig hluta af.

Stríðsástand!

Alþingi var ekki kallað saman vegna komu varnarliðsins bandaríska hingað til lands 1951. Það var ólýðræðislegt enda þingsins en ekki ráðherra að heimila slíkt. Morgunblaðið var að vanda í varnarstöðu fyrir sína klíku. Það gerir Styrmir að umfjöllunarefni í bók sinni. Þá bendir hann á að væntanlega kæmist enginn ríkisstjórn upp með þetta í dag. „Hins vegar mátti færa rök að því á þessum tímum hálfgerðs



„Þeir sem ekki upplifðu kalda stríðið eins og það var harðast munu aldrei skilja þau viðhorf, sem réðu gerðum manna á þeim árum,“ segir Styrmir Gunnarsson. Stenst sú fullyrðing? Mynd: Veröld

stríðsástands að lýðræðislegar umræður fyrir opnum tjöldum um hvort gera ætti slíkan samning gætu boðið hættunni heim.“ Stríðsástandið sem um ræðir var vissulega til staðar víða í heiminum, ef til vill mætti færa rök fyrir raunverulegri hættu hér á landi. Fyrst og fremst var stríðsástandið rekið áfram af öfgakenndri hagsmunagæslu fámenns hóps en sveipaði sig frelsi og lýðræði á annan veginn á meðan barið var á þeim sem töluðu fyrir því að þessi sömu réttindi og lífsgæði næðu einnig til verkafólks.

Ekkert má nú . . .

Árið 2012 kom út bókinn Sjálfstæðisflokkur átök og uppgjör eftir Styrmi. Þar eru eins og áður sýnishorn af því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum áratugina ofið sig saman við allar helstu stofnanir og beitt sem sínum eigin. Fjölmíðlar eru þar ekki undanskildir frekar en lögreglan, viðskiptalífíð og jafnvel utanríkisþjónustan. „Þegar hér var komið hafði Morgunblaðið byggt upp býsna fullkomið upplýsingakerfi, með tengslum við innlenda og erlenda aðila,“ segir Styrmir í bókinni í sömu andrá og hann skýrir hvernig Morgunblaðið komst yfir mynd sem vakti mikla athygli í gegnum sama net. „... nýttust þessi tengsl bæði með birtingu fréttanna í Morgunblaðinu og Sjálfstæðisflokknum á hinum póli-

- „Ég þarf ekkert að upplifa
- geðveikina og vænissýkina
- sem dreif Styrmi og hans
- féлага áfram, til að skilja
- að skrímslin sem þeir
- þóttust berjast gegn voru í
- raun þeir sjálfir.“

tiska vettvangi.“ Myndina, sem var af sovésku eldflaugaskipi, fékk Styrmir afhenta í bandaríska sendiráðinu. „Nú kann einhver að setja spurningamerki við slík tengsl Morgunblaðsins og erlends sendiráðs. Svar mitt er að á dögum kalda stríðsins voru Íslendingar samherjar Bandaríkjamanna og annara aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Morgunblaðið og Sjálfstæðisflokkurinn voru í fremstu vöglínu í þeirri baráttu hér innanlands.“ Vissulega beita fjölmíðlar öllum mögulegum leiðum við upplýsingaöflun til fréttaskrifa. Við það er ekkert að athuga en meðvitund þátttaka í stríði er eitthvað sem fjölmíðlar varast iðulega og ættu í það minnsta að geta gert upp, án afsakana áratugum seinna.

Bíltúrinn

Árið 1974, skömmu eftir Alþingiskosningar, setjast tveir íslenskir blaðamenn upp í bíl með Frederick

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Prif ehf

SÍMI 89 89 566

www.prif.is / www.thrif.net / netfang: thrif@centrum.is

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir sem eru í skammtímaleigu



Atli Þór Fanndal



Styrmir talar meira en Björn, segir sendiherrann. Í bók sinni í köldu stríði segir Styrmir að sig hafi alltaf grunað að upplýsingarnar hans færu lengra. Hvað þarf til að sannfæra Styrimi ef fundir sem hann átti í eigin persónu, þar sem hann veitti fulltrúum erlendra ríkja upplýsingar, duga ekki til?

Kommúnistavinir Sjálfsvorkunn skín í gegnum skrif Styrmis, ekki bara í hans nýjstu bók, heldur öllum skrifum hans um tímabilið. „Við Tómas [Karlsson heitinn] vorum samstúdentar og á milli

okkar var kosið í inspectorskosningum í Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1957. Tómas var kjörinn en ég átti í miklu basli með þann áróður sem notaður var gegn mér og var sá, að allir vinir mínir væru kommúnistar og þess vegna væri mér ekki treystandi,“ segir í bókinni Sjálfstæðisflokkurinn átök og uppgjör. Sama tóninn má svo merkja

í nýjstu bókinni þar sem hann ræðir eigið hjónaband og hvernig það varð til umræðu í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Hann nefnir hvernig samskipti hans við hina ofsóttu [sem er raunar ekki orð sem Styrmir notar] jók skilning hans á hversu vont er að verða fyrir barðinu á andúð. Þá ber hann saman hatrið sem ákveðnir kimar samfélagsins bera til Morgunblaðsins saman við framkomu hans og flokksins gegn heilu fjölskyldunum. Samt virðist það ekki fá Styrimi til að hætta stöðugt að afsaka og draga úr afleiðingum þess sem hann og flokkurinn stunduðu með aðstoð Morgunblaðsins. Það er heldur ekki að sjá á störfum hans á Morgunblaðinu að hann hafi spyrt fótum gegn vænissjúkum skrifum um erlenda kommahættu. Styrmir sem hluti af þessu kerfi þarf ekkert að efast um eða slá nokkra varnagla. Hann sá þetta, upplifði og framkvæmdi. Hvort sem það eru síður blaðanna, skjalasöfn bandarískra yfirvalda, bækur sagnfræðinga, ævisögur formanna, dómsmál og játningar nútímans þá er niðurstaðan löngu ljós. Þetta voru njósnir. Framkvæmdar án réttmætrar málsmeðferðar og höfðu miklar afleiðingar fyrir fólk. Ævisaga Gunnars Thorodssen, eftir Guðna Th. Jóhannesson, lýsir ótrúlegum metnaði flokksins í að njósna og útiloka. Þetta



Gunnar Thorodssen skrifað um viðamiklignjósnanet Sjálfstæðisflokksins í persónulegum dagbókum sínum.

er öllum löngu ljóst. Hvers vegna er Styrmir enn að tónglast á þessari gömlu lummu um að tíðarandinn og alheimsstríðið séu óskiljanleg öðrum en þeim sem upplifðu?

Vinstrið sem ekki les

Endalok kalda stríðsins eru ein af mínum fyrstu minningum af stjórnmálum. Um mig var ekki njósnað. Fjölskyldan mín var ekki meðal forkólfa verkalyðshreyfingarinnar. Ég er ekki af betra kyni en svo að fátt hefur verið skrifað um mitt fólk og enn færri hafa nemnt að ofsækja okkur. Stjórnmálin hafa alla jafna ekki tvístrað fjölskyldu minni og sumir kusu jafnvel marga flokka. Ég þarf ekkert að hafa upplifað ofsóknir jakkafataklúbbs Morgunblaðsins og Valhallar í æsku minni til að skilja hvers konar fólk það er sem útskúfar öðrum kerfisbundið; ofsækir og njósnar um til þess að rægja í fjölmíðlum; deilir og drottnar, áður en

það sem þótti mest krassandi var sent áfram til erlendra njósnastofnana. Ég þarf ekkert að upplifa geðveikina og vænissýkina sem dreif Styrimi og hans féлага áfram, til að skilja að skrímslin sem þeir þóttust berjast gegn voru í raun þeir sjálfir. Uppgjör felst í að horfast í augu við hvenær of langt var gengið en ekki afsaka með frósum um að þeir sem fá fyrir hjartað að lesa um slíka voðaverk - skilji bara ekki tíðarandann eða hafi raunar ekki lesið bókina; séu raunar of vinstrisinnaðir til að fatta.

Syndaflausn á fullu verði

Sjálfstæðisflokkurinn var aldrei raunverulega hræddur við kommúnista. Enginn flokkur var jafn gjarn á að lyfta kommu upp á syllu valdsins. Flokkurinn átti meðal annars sæti í ríkisstjórn í skjóli kommúnista. Árið 1944 varð Brynjólfur Bjarnason, stofnandi og formaður Kommúnistaflokks Íslands, menntamálaráðherra í ríkisstjórn Ólafs Thors. Hræðslan var uppdikt og vopn í baráttunni innanlands en ekki hugmyndafræðilegt stríð gegn alheimskommúnismanum. Styrmir veit þetta fyrst ég get séð þetta. Vissulega er að finna áhugaverðar upplýsingar í nýjstu bók Styrmis. Mér leiddist ekki við lestur hennar enda hef ég áhuga stjórnmálum. Að mér læðist þó sá grunur að bókinn kunni að vera ætluð sem syndaflausn manns sem er farinn að velta fyrir sér annarri vist. En sé svo, þá er spurning hvort iðrun þyrfti ekki að fylgja slíku erindi inn í miðju jólabókafloði.

THE ABOVE IS A SUMMARY OF OVER AN HOUR'S PRIVATE CONVERSATION I HAD YESTERDAY WITH STYRMIR GUNNARSSON (MORGUNBLADID) AND BJORN BJARNASON (VISAR) WHILE EN ROUTE TO KEFLAVIK

Mynd af bréfi Irvings. Bréfið er geymt í Þjóðskjalasafni Bandaríkjanna og er aðgengilegt á netinu.

NÝ SENDING AF SÓFASETTUM



Teg. Giulia 3 - 1 - 1 og 3 - 2 - 1 leður.



Reykjavíkurveg 66 220 Hafnarfirði sími 565 4100

Ekta fiskur

466 1016 *Ómissandi á adventunni*

www.ektafiskur.is

Ævintýrleg gæludýrabúð

Kíktu í heimsókn

Kauptúni 3 / Garðabæ / Sími: 564-3364

FISKA lifandi verzlun.



Rit um íslensk eyðibýli

Á hugahópur um eyðibýli á Íslandi hefur gefið út 6. og 7. bindi ritraðarinnar Eyðibýli á Íslandi. Í nýjustu bindunum er fjallað um Austurland og Suðvesturland. Meðal annars er fjallað um eyðibýli í landi Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Markmið verkefnisins Eyðibýli á Íslandi er að rannsaka og skrá eyðibýli og önnur yfirgefin íbúðarhús í sveitum landsins. Fyrstu skref rannsóknarinnar voru stigin sumarið 2011 á Suðurlandi, segir í fréttatilkynningu. Með útgáfu 6. og 7. bindis er lokið hringferð um

landið. Bækurnar fjalla um 748 hús um allt land. Bækurnar eru gefnar út í litlu upplagi af áhugamannafélagi sem stendur fyrir rannsókninni. Hægt er að kaupa þær hjá félaginu í Síðumúla 33. En hægt er að nálgast frekari upplýsingar á vefsíðunni www.eydibyli.is.



Starfsmenn borgarinnar hafa haft í nógu að snúast við að ryðja snjó af götum og gangstéttum. Þessi bill var á ferð í Seljahverfi snemma á fimmtudagsmorgun.



Sirkus í Hljómskálagarðinum

Sýningar á Jólakabarett Sirkus Íslands hófust í vikunni, en sirkustjaldíð Jökla hefur verið reist í Hljómskálagarðinum. Aðeins sex sýningar

verða haldnar á kabaraettinum, sem er sirkussýning fyrir fullorðna, en næstu sýningar verða í kvöld kl. 20 og einnig kl. 20. dagana 11., 12. Og 13. desember.

Ungmennni á götunni um jólin

Það er alveg þekkt staðreynd að krakkar eru á götunni yfir hátíðarnar. Nú er ég að koma aftur inn á völlinn eftir fjögurra ára hlé. Ég hef sinnt þessum málum í 20 ára og um hver jól eru alltaf einhverjir krakkar sem hafa á engan stað til að fara um jólin,“ segir Guðmundur Týr Þórarinnsson, einnig þekktur sem Mummi í Götumiðjunni, í samtali við Reykjavík vikublað. Hann segir að krakkar frá 15-18 ára séu í þessum sporum og komist ekki inn í gistiskýli, konukot eða slík úrræði, því þar sé aldurstakmark.

Götusmiðjan hefur sett af stað landsátakið „Jól á götunni“. Þetta er söfnun til að koma upp neyðarskýli og rekstri útídeildar sem hefur það að markmiði að hjálpa ungmennum frá fíkniefna- og afbrotatengdum lífsstíl. Þjónustumiðstöð Götusmiðjunnar að Stórhöfða 15 í Reykjavík var formlega

opnuð í gær. Hún á að hýsa útídeildina, auk þess sem þar verður sinnt með ferðarstarfi og fræðslu fyrir ungmenni og aðstandendur þeirra, segir í fréttatilkynningu. Stofnað hefur verið til neyðarnúmers 800-1133 sem opinn verður allan sólarhringinn. Um er að ræða gjaldfrjálst númer sem öll símafyrirtæki í landinu hafa sameinast um hýsa. Þjónustan er hugsuð fyrir ungmenni í vanda sem vilja láta sækja sig og komast í öruggt skjól.

Í fréttatilkynningunni segir að stofnaðar hafi verið valgreiðslur í heima-banka fólks og fyrirtækja sem hverjum og einum sé frjálst að greiða. Einnig hefur verið stofnað til söfnunarnúmersins 908-1133 þar sem 1.500 kr. verða gjaldfærðar vegna þessa. Verndarengillinn verður svo boðinn til sölu frá og með deginum í dag, meðal annars í Kringlunni og Smáralind.

Góð þjónusta í 60 ár



GÆDAHREINSUN
ÞVOTTAHÚS
DÚKALEIGA



FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA



SÆKJUM & SENDUM

1953

60 ára

2013

Háleitisbraut 58-60 - Sími 553-1380



Sandur og salt

Í vetrartíðinni sem nú ríkir geta borgarbúar sótt sér sand og salt geta á hverfastöðvarnar í borginni. Þær eru við Njarðargötu, í Jafnaseli, á Kjalarnesi og í þjónustumiðstöðinni á Stórhöfða. Hverfastöðvarnar eru opnar mánudaga til fimmtudaga frá kl. 7: 30 – 17: 00 og föstudaga kl. 7: 30 – 15: 25, að því er segir á vef borg-

arinnar. Fólk þarf sjálf að koma með ílát undir sandinn og saltið. Einnig má sækja sand á verkþækistöðvar garðyrkjunnar við Árbæjarblett og á Klambatúni við Flókagötu. Þær eru opnar frá kl. 7: 30 – 17: 25 frá mánudegi til miðvikudags, en frá kl. 7: 30 – 15: 25 á fimmtudögum og föstudögum.

Undir
jólatrið



BLUE LAGOON
ICELAND

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islensturmatur.is



Svavar Halldórsson

Fáðu þér al-íslenska Terra Madre súpu á miðvikudaginn

Alþjóðlegu Slow Food samtökin fagna því um þessar mundir að aldarfjórðungur er frá stofnun þeirra. Stofnsáttmálin var undirritaður í París 10. desember 1989, á degi Móður jarðar. Uppruna þessara merkilegu samtaka má hins vegar rekja til Ítalíu. Tuttugu ára afmælinu var fagnað með því að efna til svokallaðs Terra Madre dags. Strax var ákveðið að þetta yrði árlegur viðburður. Í næstu viku verður hann semsagt haldinn í fimmta sinn, nánar tiltekið á miðvikudaginn.

Af hverju?

Tilgangur Terra Madre dagsins er að vekja athygli á staðbundnum gæðum í matvælaframleiðslu og til að hvetja fólk til að velja staðbundin gæðamat

umfram annað. Aldrei er nóg gert í því að vekja athygli fólk til vitundar um staðbundin mat og sanngirni í framleiðsluferlinu. Við Íslendingar búum að frábærum staðbundnum matvælum í

öllum héröðum og almennt eru gæði og hreinleiki íslenskra matvæla öfundarefni annara þjóða.

Hreinleiki, fjölbreytni og gæði

Terra Madre dagurinn er eitt allra stærsta skipulagða átak í veröldinni til að vekja athygli á staðbundnum mat og framleiðslu. Við Íslendingar höfum tekið þátt frá upphafi – en með sífellt meiri krafti eftir því sem dagurinn festir sig í sessi. Við eigum að taka framtaki af þessu tagi fagn-



andi og umvefja samtök eins og Slow Food. Það liggur í augum uppi að því meira sem fólk hugsar um sjálfbærni í matvælaframleiðslu, bragðgæði og fjölbreytileika – þeim mun betur stöndum við að vígi með okkar landbúnað, sjávarútveg, smáframleiðslu og veitingageira.

Arfleifðin þegar föst í sessi

Nokkrir íslenskir veitingastaðir ætla að bjóða upp á sérstaka Terra Madre súpu – þar sem einungis íslenskt hráefni er notað. Íslensku Slow Food samtökin ætla líka að dreifa einblöðungi til að útskýra tilurð dagsins og af hverju 100.000 manns um allan heim taka þátt. Fyrsti Terra Madre dagurinn var tilefni þess að Matarmarkaður Búrsins var haldinn í fyrsta sinn, en hann er nú orðinn að reglulegum viðburði sem þúsundir manna sækja tvisvar á ári.

Tugir íslenskra staða með

Í ár taka tugir íslenskra veitingastaða, smáframleiðanda og sælkeraverslana þátt í þessum skemmtilega viðburði. Við neytendur ættum að drífa okkur út úr húsi og vera með. Nánar er hægt að kynna sér dagskrána á vef íslensku Slow Food samtakanna, www.slowfood.is og ef fólk vill skoða hvað gert er í örðum löndum þá er ýmsan fróðleik og upplýsingar að finna á alþjóðavefnum, www.slowfood.com



Slow Food®
Reykjavík



matarmarkaður 15. & 16. nóvember: 11:00-17:00

Fjölmörg mótuneyti stórra fyrirtækja, skóla, leikskóla og stofnana taka þátt í Terra Madre deginum á Íslandi í ár auk veitingastaða og sælkeraverslana og margra fleiri, til dæmis:

- Culina
- Spiran
- Búrið
- Frú Lauga
- Bergsson Mathús
- Aalto Bistro
- Bjarteykarsandur
- Blómalind í Búðardal
- Vegamót
- Hannesarholt
- Ostabúðin Skólavörðustig
- Gló

STRAITS
home & gift

Fyrirtæki og verslanir

Ný sending af Straits - Fullt hús af fallettri vöru

Kerti - hreindýr
15x8 cm

Buddha Figure
3 tegundir - 21 cm

Buddha
54 cm

Jólatré - hreindýr
Metal 40 cm

Flicker glerglas
12 cm

Ugla
19 og 13 cm

Margar gerðir kertaglasa
8 og 12 cm

Heildsölu dreifing
DANCO
HEILDVERSLUN
www.danco.is

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**

- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is



PRAUKA Dömu úlpa

Stillanleg hetta
Skinn sem taka má af
Hægt að þrengja í mittið
Efni: Cotton vaxborið
Einangrun: Vatt 60gr.
2 litir

34.990,-



BANKASTRÆTI 10
101 Reykjavík
Sími 412 5865

KRINGLAN
131 Reykjavík
Sími 412 5864

ZO • ON
I C E L A N D

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland

BAKSÍÐAN

Brynhildur Bolladóttir



Af bókum

Ég lærði snemma að lesa. Það fer enn þann dag í dag í taugarnar á mér hvað kennararnir í skólanum gáfu mér litlar áskoranir. Ég mátti ekki færa mig yfir í Dúbba dúfu fyrr en eftir dúk og disk, þegar ég hefði getað verið byrjuð að lesa ein og óstudd Róbinson Krúsó. Frá því ég var litil hef ég bara viljað lesa raunasæisbókmenntir, rétt eins og ég vil helst horfa á bíómyndir um rússneskar ömmur að gefa geitum við rætur Úralfjalla. Ævintýramennska hefur aldrei höfðað til mín. Heldur vildi ég 8 ára stelast í skólatösku bróður míns og lesa unglingsbækurnar sem hann hafði tekið á bókasafninu. Ég vildi lesa um það hvernig það væri að kyssa stráka og eiga við erfiða foreldra frekar en einhver börn sem lentu í háska á eyðieyjum og í frumskógum. Ég var alvörugefið barn.

Þegar að ég var um 11 ára las ég bókina Obladí Oblada eftir Bergljótu Hreinsdóttur. Ef minnið bregst mér ekki var ég jafn gömul söguhetjunni og hún fékk bland í poka á þriðjudagskvöldi sem hún hámaði í sig með skemmtilegri bók. Síðan þá hefur mér þótt hugmyndin um það að bryðja sælgætismola með heimsbókmenntunum ein sú rómantískasta í lífi mínu.

Mín helsta lausn á litlu athyglisspani í nútímanum er að lesa nokkrar blaðsíður á kvöldin áður en ég fer að sofa, svona eins og móðir mín á sjötugsaldri gerir. Sjaldan hefur mér liðið jafn fullorðinni eins og þegar augun þola aðeins þrjár til fjórar blaðsíður áður en höfginn vinnur stríðið gegn blaðsíðunum. Það versta er að ég hef ekki afsökun fyrir að nýttannburstaðar tennurnar mauli nokkra mola með lestrinum rétt fyrir svefninn.

REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Auglýsingasíminn er
578 1190




UltraGlozz®
UltraGlozz bílabón endist 6-10 sinnum lengur en hefðbundið vaxbón!
Niðsterk lakkbrynja! Þolir tjörupvott!
Fæst í verslunum BYKO og M1 um allt land
www.ultraglozz.is



Jólagjafir

-fyrir heimilin í landinu



Curved UHD TV

SAMSUNG

SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 800
3D: Nei

55" UH55HU7205 560.000.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-

65" UH65HU7205 749.900.-
NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-



Pioneer

HLJÓMTÆKI

X-SMC01BT-K

Hljómtækjastæða vegghengjanleg

2x10W, Bluetooth, FM útvarp, geislaspilari CD-R/CD-RW, USB, MP3, WMA

3 litir



Verð: 44.900,-

Nú án vörugjalda 33.900,-

Pioneer

HLJÓMTÆKI

PIX-CM32BT-K

Hljómtækjastæða með Bluetooth

30W (15W + 15W RMS) (8Ω) - 2-Way Bass-Reflex Hátalarar - MP3, WMA - AM/FM Útvarp m.45 st.minni - Innbyggð Bluetooth - Pioneer Wireless Streaming App - iPod, iPhone, iPad í gegnum USB

3 litir



Verð: 49.900,-

Nú án vörugjalda 39.920,-

Pioneer

HLJÓMTÆKI

PL-990

Plötuspilari

Alsjálfvirkur, 33/45 snúninga, reimdrifinn, innbyggður formagnari

Verð: 39.900,-

Nú án vörugjalda 31.920,-



Pioneer

HLJÓMTÆKI

SBX-N550

Verð: 64.900,-

Soundbar

140W, innbyggður bassi, Class D magnari, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB




SBX-N750

Verð: 94.900,-

Soundbar

270W, innbyggður bassi, Class D magnari, Þráðlaust 150W bassabox, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB



75.920,-

Pioneer

HLJÓMTÆKI

BDP-170-K

Blu Ray spilari 3D

Spilari DVD-video, VCD, CD, AVCHD, SACD, BD-ROM, BD-R/RE, CD-RW, DTS-CD, DVD-RW, DL-/RW, DVD+R/RW, DL+/RW, Tengir: HDMI, USB, WiFi



Verð: 44.900,-

Nú án vörugjalda 33.500,-



Pioneer

HLJÓMTÆKI

X-EM12

Hljómtækjastæða

2x15W magnari, FM útvarp m. 30stöðva minni, geislaspilari, USB afspilun

Verð: 27.900,-

Nú án vörugjalda 22.320,-



Pioneer

heyrnartól

30% afsláttur



Útsölumarkaður - 30-80% afsláttur

Heimabíóagnarar - Nintendoleikir - Fartölvutöskur - Hljómtækjastæður - Bluetooth hátalarar - Geisladiskar - I pad hulstur - Spilað & Skilað / Spilaðir tölvuleikir - Vefmyndavélar - PC stýriþinnar - Tölvusnúrir - WiFi hátalarar - Diskahýsingar - Leikjastýriþinnar - Þráðlaus talnaborð - Farsímahulstur o.fl.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 -18 / LAUGARDAGA KL. 11 -15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is